

Nd.

714. Breytingartillaga

[285. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf.

Frá minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar (MK).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á lán-um sem nemi allt að 18.5 milljónum bandaríkjadala, enda taki Flugleiðir hf. lán þessi til kaupa á flugvélum og til að bæta rekstrarfjárstöðu flugrekstrar síns.

Skilyrði fyrir sjálfskuldarábyrgðinni er að Flugleiðir hf. auki hlutafé sitt í 600 milljónir króna fyrir árslok 1975 og að ríkissjóður kaupi fjórðung hlutafjárins. Auk þess er ábyrgðin háð öðrum þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, og þeim skilyrðum, sem hún ákveður.